

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	25.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Vinnslustöðin hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitinu, losun efna með frárennslisvatni er umfram mörk starfsleyfis. Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Gæta þarf að því að ekki sé hætt á að spilliefni berist í umhverfið, t.d. um niðurföll innandyra. 2) Loka þarf röri í vegg þróar um lýsisgeyma. 3) Skoða þarf frágang niðurfalla í þró um lýsisgeyma.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

Starfsleyfi Vinnslustöðvarinnar heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 1.200 tonnum af hráefni á sólarhring.

Vinnsla á kolmunna var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á fitu, svifefnum og COD)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á fitu, svifefnum og COD)

TVN-mælingar hafa borist eins og krafa er um í starfsleyfi.

Niðurstöður frárennslismælinga sem gerðar voru í byrjun nóvember og útreikningar á losun efna með frárennslisvatni, bárust 29. nóvember 2022. Útreikningar sýna að losun á svifögnum og COD er umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Nokkrar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Olíugeymar eru á lóð Vinnslustöðvarinnar og þar er að öllum líkindum olíumengun í jarðvegi.

5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsóknna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

7. Önnur mál

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017, skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi á fimm ára fresti. Lýsislagnir frá tönkum að útskipun voru þrýstimældar þann 8.10.2018 og því kominn tími á að þrýstiprófa þær í haust.

8. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila.

Á nokkrum stöðum í verksmiðjunni eru notuð/geymd spilliefni sem hættu er á að berist í niðurföll og út í umhverfið ef óhöpp verða. Ganga þarf betur frá þeim, t.d. með því að geyma í lekabyttum.

Rör stendur út úr vegg á þró um lýsisgeyma og þarf að loka þeim enda betur. Niðurföll í þróinni voru skoðuð og þarf að skoða frágang við þau betur svo að tryggt sé að þróin gegni ætluðu hlutverki sínu ef slys verða.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 2.17 í starfsleyfi

Samkvæmt sýni sem var tekið í nóvember 2022, var losun svifefna og COD með frárennslisvatni umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.

ÁBENDINGAR


Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Á nokkrum stöðum í verksmiðjunni eru notuð/geymd spilliefni sem hættu er á að berist í niðurföll og út í umhverfið ef óhöpp verða. Rekstraraðila er bent á að ganga betur frá þeim, t.d. með því að geyma þau í lekabyttum.
- 2) Rör stendur út úr vegg á þró um lýsisgeyma. Rekstraraðila er bent á að loka þeim enda betur.
- 3) Rekstraraðila er bent á kannu frágang við niðurföll í þró um lýsisgeyma og tryggja að þróin gegni ætluðu hlutverki sínu ef slys verða.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.06.2023



Freyr Ávarsson

